

LÍKAMI MINN TILHEYRIR MÉR



KENNSLULEIÐBEIÐINGAR
MEÐ MYNDINNI: LÍKAMI MINN
TILHEYRIR MÉR **1.-4. BEKKUR**



Barnaheill

m MENNTAMÁLASTOFNUN



LÍKAMI MINN TILHEYRIR MÉR

Kennsluleiðbeiningar

2. útgáfa 2020

Útgefandi: **Barnaheill í Noregi**

Ritstjóri á norsku útgáfu: **Silje Vold**

Ritstjóri á íslensku útgáfu: **Sigrún Sóley Jökulsdóttir og Linda Hrönn Þórisdóttir**

Myndskreytingar: **Bivrost Film**

Íslensk þýðing: **Skopos, þýðingsstofa**

Málfarslestur: **Ingólfur Steinsson**

Barnaheill í Noregi og Bivrost Film þakka rýnihópi verkefnisins fyrir mikilvæg innlegg og hugmyndir í vinnunni við kvikmyndirnar og leiðbeiningabæklinginn:

Stine Kühle-Hansen (hópstjóri) kennari, viðurkenndur kynfræðslukennari (NACS)

og námskeiðshaldari hjá Landssamtökunum gegn kynferðisofbeldi (LMSO)

Anne Kristine Bergem, læknir, sérfræðingur í geðlækningum, rithöfundur

og doktorsnemi við Norður háskólann

Inger Lise Stølsvik, lögfræðingur og framkvæmdastjóri Miðstöðvar gegn sífjaspellum

og kynferðislegri misnotkun í Telemark

Tom Nybø, sérfræðingur í kynfræðilegri ráðgjöf (NACS), Stiftelsen Kirkens Familievern, Suður Rogaland

Pia Friis, leikskólakennari, rithöfundur og fyrirlesari og sérfræðingur í sérfræðipekkingu Kanva

Svein Schøgren, kennari, blaðamaður og formaður Utsattmann

Kari Stefansen, fræðimaður hjá NOVA og NKVTS

Þakkar til Baraheilla á Íslandi fyrir góð ráð og yfirllestur í íslenskrí þýðingu, Linda Hrönn Þórisdóttir.

Einnig til Barna- og fjölskyldustofu fyrir yfirllestur og ráð.

Grafísk hönnun: Anna Maria H. Pirolt, brodogtekst.no

Leikstjóri: Trond Jacobsen og Marianne Müller

Handrit: Marianne Müller og Stine Kühle-Hansen

Ritstjórn íslenskrar útgáfu: Sigrún Sóley Jökulsdóttir

Rödd íslensks sögumanns: Ingvar Þór Björnsson

Aðalteiknara: Toms Burans, Arnis Zemītis, Kerija Arne

Verkefnastjóri Baraheilla í Noregi: Silje Vold

Verkefnastjóri Baraheilla á Íslandi: Linda Hrönn Þórisdóttir

Verkefnastjóri NRK Super: Joakim Vedeler

Talsetning á íslensku: RUV

Umsjón Bivrost Film: Trond Jacobsen og Ilze Burkovska Jacobsen

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun



Efnisyfirlit

Formáli.....	4
Kynning á efninu	5
Um „Líkami minn tilheyrir mér“	6
Yfirlit: Kennsluhugmyndir um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi	8
Hvernig á að undirbúa sig fyrir fræðslu um kynferðisofbeldi.....	10
Framkvæmd kennslunnar í 1.–4. bekk.....	13
Þáttur 1: Líkamin er þinn.....	14
Þáttur 2: Íslensk lög	20
Þáttur 3: Hræðsla	26
Þáttur 4: Það er aldrei þér að kenna	30
Aðrar spurningar sem börn kunna að hafa.....	36
Af hverju finnst mörgu fullorðnu fólki erfitt að tala við börn um kynferðisofbeldi?	39
Hvernig á að styðja og fylgja eftir barni sem segir frá	42
Ef þú hefur áhyggjur af barni	44
Hvar og hvenær ættir þú að eiga samtál?	44
Hvernig best er að haga samtalinu?	45
Hvernig á að tilkynna mál og hvert?	48
Hvernig á að hugsa um barnið eftir samtalið?	50
Þegar börn meiða börn	50
Hvar er hægt að fá aðstoð?	53
Hvar er hægt að fá nánari upplýsingar?	53

Formáli

Þakka þér fyrir að lesa þessar kennsluleiðbeiningar með myndunum „Líkami minn tilheyrir mér“.

Árið 2017 unnu Barnaheill í Noregi í samstarfi við Bivrost Film og NRK Super við að framleiða „Líkami minn tilheyrir mér“, teiknimyndaseríu um kynferðis- ofbeldi fyrir börn. Þættirnir vöktu mikla athygli í Noregi og skólar og leikskólar tóku upp kennslufyrirkomulag kvikmyndanna á öllum skólastigum. Í framhaldi af því leitaði Menntamálastofnun í samstarfi við Neyðarlínuna, Barnaheill og fleiri eftir leyfi til að þýða og talsetja þessar myndir á íslensku fyrir börn á Íslandi. Hér má sjá afrakstur þeirrar vinnu.

Í Noregi hafa myndirnar fengið góða umsögn í skólum, leikskólum og einnig hjá börnum og foreldrum. Samdóma mat flestra er að teiknimyndirnar og kennsluleiðbeiningar virki mjög vel í kennslu. Börn fræðast um líkamann, mörk og ofbeldi. Það veitir þeim betri skilning á því að virða mörk annarra og sjálfs sín og börnin læra hvert þau geta leitað eftir aðstoð. Fullorðnir verða líka öruggari í að tala við börn um kynferðislegt ofbeldi eftir áhorf á þessar myndir og þau læra hversu miklu máli það skiptir að hjálpa barni sem er í hættu. Í Noregi er reynslan sú að börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi tilkynna það frekar eftir að hafa séð myndirnar í skólanum. Vonandi nýtist efnið vel á Íslandi líka.

Barnaheill í Noregi og á Íslandi vinna að því að gefa öllum börnum tækifæri til að lifa og þroskast, fá gæðamenntun, lifa öruggu lífi og hafa áhrif. Á Íslandi hafa Barnaheill einbeitt sér að því að tala um að börn eigi rétt á fá vernd gegn ofbeldi, meðal annars kynferðisofbeldi. Til þess að ná þessu markmiði verðum við hafa alla landsmenn í liðinu.

Við þurfum þig í lið með okkur!

Með því að nota þessar kennsluleiðbeiningar, horfa á teiknimyndirnar og tala við börn um líkamann, mörk og ofbeldi færir þú börnum mikilvæga þekkingu. Þekkingu sem veitir börnum öryggi.

Þakka þér fyrir að hjálpa til við að berjast gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum!

Kópavogi 2023

Barnaheill á Íslandi og Menntamálastofnun

Kynning á efninu

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er brot á réttindum barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og hefur alvarlegar afleiðingar fyrir líkamlega og andlega heilsu barna. Í könnun frá 2019 kemur fram að 16,4% barna á Íslandi hafa orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur.

Kynferðisbrot geta átt sér stað á öllum stöðum þar sem börn eru: heima, í skólanum, í frístund eða í heimsókn hjá vinum og fjölskyldu. Mikill meirihluti ofbeldis er framið af einhverjum sem barnið treystir. Engu að síður er efnið umlukið þögn og bannorðum. Það tekur að meðaltali 17 ár fyrir þann sem verður fyrir kynferðislegu ofbeldi að segja frá því. Það geta verið margar ástæður fyrir því að börn segja ekki frá slíku ofbeldi. Sum börn halda að ofbeldi sem það verður fyrr séu eðlileg samskipti eða vita ekki að það er ólöglegt. Önnur börn halda að þau séu þau einu í öllum heiminum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og enginn annar geti skilið þau eða þau vita ekki hvort eða hvar þau geta fengið aðstoð. Mörg börn finna fyrir skömm og sektarkennd yfir því sem gerðist. Börnum er stundu hót að þora því ekki að segja frá, einnig geta þau orðið hrædd við að verða fyrir einelti. Þá geta börn óttast að ekki sé hlustað á þau eða að þeim sé ekki trúað.

Þú getur hjálpað til við að rjúfa þögnina!

Það er á ábyrgð fullorðinna að vernda börn. Til að vernda börn verða fullorðnir að veita þeim öruggt umhverfi og rými svo þau hafi hugrekki til að tala um kynferðislegt ofbeldi. Það getum við gert með því að taka umræðu um kynferðisofbeldi í kennslu í skólum og leikskólum og gefa nemendum tækifæri til að velta málefninu fyrir sér og spyrja spurninga. Með því að tala við börn um kynferðislegt ofbeldi stuðlar það að vernd þeirra.

Kynferðislegt ofbeldi á sér einnig stað á milli jafningja. Börn sem læra um líkamann snemma, læra um mörk og kynferðisofbeldi eru ekki bara betur í stakk búin til að vernda sig sjálf heldur öðlast þau einnig meiri skilning og virðingu fyrir eigin mörkum og mörkum annarra. Að veita börnum þekkingu á líkamanum, mörkum og ofbeldi er því mikilvægur liður í að koma í veg fyrir, þekkja einkenni og bregðast við kynferðilegu ofbeldi.

Þegar þú kennir börnum hvað kynferðislegt ofbeldi er, að það sé ólöglegt og aldrei þeim að kenna, ef þau verða fyrir ofbeldi og að hægt sé að fá hjálp, valdeflir þú börnin og gerir þeim kleift að vernda sig og tjá sig. Það getur skipt öllu máli fyrir barnið og haft allt að segja um það hvernig því vegnar í lífinu eftir að hafa sagt frá.

Um „Líkami minn tilheyrir mér“

„Líkami minn tilheyrir mér“ er samstarfsverkefni Bivrost Film, Barnaheilla í Noregi, norska ríkissjónvarpið NRK Super og Barna-, unglinga- og fjölskyldu-stofnun í Noregi (Bufdir). Á Íslandi er verkefnið samstarf Menntamálastofnunar, Barnaheilla, Neyðarlínunnar og Barna- og fjölskyldustofu.

Markmiðið með fræðsluefninu er að veita börnum meiri þekkingu á líkama sínum, hvað eru mörk og kynferðislegt ofbeldi. Fræðslan er leidd áfram af fjórum einföldum teiknimyndum ásamt kennsluleiðbeiningum fyrir kennara þar sem bent er á hentugar aðferðir til að tala við börn um kynferðislegt ofbeldi. Hægt er að nálgast myndirnar og kennsluleiðbeiningar á vef [Menntamálastofnunar](#), á vef Barnaheilla og á vefnum Krakkaruv.

Um teiknimyndirnar

Markhópur myndanna eru börn í leikskóla og fyrstu bekkjum grunnskóla. Teiknimyndirnar geta einnig hentað börnum bæði yngri og eldri, að því tilskildu að þau horfi á þær með fullorðnum einstaklingi. Við mælum með því að börnin horfi á allar fjórar myndirnar með fullorðnum, þar sem þau upplifa efnið mjög ólíkt en saman gefa myndirnar góða innsýn í líkamsvitund, mörk, kynferðislegt ofbeldi og hvernig hægt er að fá hjálp. Með því að fullorðnir horfi á myndirnar með börnunum fá þau tækifæri til þess íhuga efnið og spyrja spurninga á eftir.

Um þessar kennsluleiðbeiningar

Í kennsluleiðbeiningunum eru ábendingar um málefni sem hægt er að ræða við börn og gefin eru dæmi um spurningar sem börn kunna að hafa eftir að hafa horft á teiknimyndirnar auk þess sem tillögur eru um hvernig best er að svara þeim.

Kennsluleiðbeiningarnar hafa það markmið að veita leiðsögn, ábendingar og innblástur. Þær eru hugsaðar fyrir nemendur í 1.–4. bekk grunnskóla en eru líka gagnlegar bæði eldri og yngri börnum.

Það er mikilvægt að aðlagja efnið að börnum sem unnið er með og þeim aðstæðum sem uppi eru hverju sinni. Gefðu börnunum tækifæri og tíma til að koma orðum að því sem þau vilja segja eftir að þau hafa horft á myndirnar og hlustaðu á það sem þau eru að velta fyrir sér.

Fyrir þau sem vinna í grunnskólum:

Hér er að finna tillögur að einföldu kennsluskipulagi sem tengist myndunum, með umræðuspurningum fyrir hverja teiknimynd fyrir sig. Þú færð líka ráð um það hvernig þú getur undirbúið þig og stutt við og fylgt eftir börnum sem segja frá reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi.

Kennsla um kynferðisofbeldi styður við hæfniviðmið aðalnámskrár í samfélagsgreinum/ lífsleikni um kynheilbrigði t.d. kynhneigð, að setja mörk, ofbeldi og virðingu.

Fyrir þau sem vinna í leikskóla:

Myndirnar geta nýst vel með elstu börn leikskólans, að því gefnu að unnið sé með fullorðnum sem hluta af fræðsluáætlun. Á vef Menntamálastofnunar má finna samtalskort og kennsluleiðbeiningar með hugmyndum um samtal til notkunar með 4–6 ára börnum í leikskóla.

Í aðalnámskrá fyrir leikskólann segir: „Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.“ Einnig segir: „Skólastjórnendur, kennarar og annað starfsfólk skóla þarf að vera meðvitað um hvað felst í heilsutengdum forvörnum og geta nýtt sér áreiðanlegar upplýsingar um þætti sem hafa áhrif á heilbrigði. Í skólum þarf að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta.

Til foreldra/forráðamanna:

Þegar barn horfir á þessar myndir er líklegt að margar spurningar og vangaveltur komi fram. Horfðu á kvikmyndirnar með barninu og gefðu því svigrúm til að ígrunda og spyrja spurninga um það sem það er að velta fyrir sér. Spurningarnar í þessum kennsluleiðbeiningum geta verið góður upphafspunktur fyrir samtal við barnið.

Yfirlit:

KENNSLUHUGMYNDIR UM KYNBUNDIÐ OG KYNFERÐISLEGT OFBELDI

TIL KENNARA

Hver teiknimynd er um það bil 4 mínútur að lengd og fjallar um líkamann, kynheilbrigði og ofbeldi. Mikilvægt er að ræða við börnin um myndirnar eftir að þau hafa horft á þær. Hér eru tillögur að umræðuefni tengt hverjum þætti, sem getur verið grunnur að samtali í um það bil 20–30 mínútur.

Við mælum með að sýna þessa fjóra þætti í fjórum lotum og gefa alltaf góðan tíma fyrir umræðu. Það getur verið einn þáttur á viku, eða þeim skipt niður á nokkrar vikur. Mikilvægt er að börnin fái tækifæri til að spegla sig og líðan sína á milli þátta en einnig að þau fái tíma til að horfa á myndirnar í röð án þess að of langur tími líði á milli hvers tíma. Það er reynsla kennara að nemendur verða öruggari með að tala um efnið þegar það er tekið upp nokkrum sinnum.

ÞÁTTUR 1:

Líkami minn tilheyrir mér! ▷ BLS. 14

ÞEMA:

- Þú ræður yfir þínum líkama.
- Þú getur haft margar ólíkar tilfinningar.
- Ef einhver gerir eitthvað ólöglegt eða eitthvað sem þú vilt ekki með líkama þinn, þá skaltu segja frá.

ÞÁTTUR 2:

Íslensk lög ▷ BLS. 20

ÞEMA:

- Íslensk lög gilda fyrir alla. Þau ákveða hvað maður má og má ekki gera.
- Í íslenskum lögum kemur fram að fullorðnir eiga að hugsa vel um börn og fullorðnir mega aldrei meiða börn.
- Það er ólöglegt fyrir fullorðna að snerta kynfæri barna á óviðeigandi hátt.



ÞÁTTUR 3:

Hræðsla

▷ BLS. 26

ÞEMA:

- Hvað getur þú gert ef þú hræðist eitthvað eða ef einhver hræðir þig eða ógnar þér?
- Hvað þarftu til að finna til öryggis?

ÞÁTTUR 4:

Það er aldrei þér að kenna

▷ BLS. 30

ÞEMA:

- Það er aldrei þér að kenna ef einhverjir fullorðnir vilja koma við kynfærin þín.
- Við hvern getur þú talað ef þú átt vont leyndarmál?
- Vertu góður vinur!

HVERNIG Á AÐ UNDIRBÚA SIG FYRIR FRÆÐSLU UM KYNFERÐISOFBELDI

Mikilvægt er að gefa sér góðan tíma til undirbúnings áður en þú fjallar um kynferðislegt ofbeldi í kennslu. Það er mikilvægt fyrir bæði þig og nemendur að finna fyrir öryggi í þessum aðstæðum. Hér er yfirlit yfir þann undirbúning sem talinn er nauðsynlegur.

Þú ættir líka að lesa í gegnum allar kennsluleiðbeiningarnar áður en kennsla hefst með nemendum.

- **Athugaðu hvort skólinn þinn er með uppfærða viðbragðsáætlun vegna kynferðisofbeldis.** Viðbragðsáætlun verður að innihalda fyrirbyggjandi aðgerðir og verkferil um hvað á að gera ef þú hefur áhyggjur eða grun um að nemandi hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Ef skólinn er ekki með slíka viðbragðsáætlun, getur þú til dæmis nýtt þér þessa áætlun:

Viðbragðsáætlun

- **Talaðu við samstarfsfólk þitt.** Óskaðu eftir að tekinn sé tími á starfsmannafundi til að ræða um kynheilbrigði barna, kynferðisofbeldi og viðbragðsáætlun skólans. Þannig verða allir upplýstir og undirbúnir fyrir hvernig á að bregðast við, svara spurningum, tilkynna grun og allt annað sem skiptir máli þegar kemur að þessum málaflokki. Það er einnig mikilvægt að hafa forvarnarteymi skólans, námsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga með í samtalinu.
- **Hafðu annan kennara með þér í kennslunni.** Æskilegt er að það séu að minnsta kosti tveir fullorðnir í skólastofunni þegar kennsla um þetta viðfangsefni fer fram. Þá er hægt að fylgjast með hvaða viðbrögð nemendur sýna og bregðast við auk þess að geta haldið áfram kennslun.
- **Æfðu þig.** Það getur verið erfitt að tala um kynferðislegt ofbeldi við börn. Því getur verið gagnlegt að hugsa fyrir fram hvernig þú vilt orða hlutina og hvernig þú munt svara ýmsum spurningum. Nokkrar tillögur að orðalagi eru gefnar í þessum kennsluleiðbeiningum en mikilvægt er að þú sem kennari tileinkir þér orðræðuna og orðir umræðuna eins og þér finnst eðlilegast. Ekki hika við að æfa þig í að segja hlutina upphátt.

- **Upplýsingar til foreldra/forsjáraðila.** Vinsamlegast sendu heim til forsjár- aðila barnanna upplýsingar um að það verði umræður um kynferðisofbeldi á skólaárinu. Þetta er hægt að gera á foreldrafundi eða með því að senda bréf. Hins vegar er mikilvægt að foreldrar fái ekki að vita nákvæmlega hvaða dag fræðslan muni eiga sér stað. Það eru nokkrar ástæður fyrir því:
 - Ef barn verður fyrir ofbeldi á heimilinu gæti barninu verið haldið heima þann dag sem kennsla fer fram.
 - Ef barn býr við ofbeldisaðstæður getur það valið að koma ekki þann dag vegna þess að það óttast umræðuefnið.
 - Ef barn er fjarverandi frá skólanum þennan dag af öðrum ástæðum getur það ýtt undir sögusagnir og óréttmætar grunsemdir vakna

Hægt er að nálgast sniðmát af **upplýsingabréfi til foreldra** með efnum Líkami minn tilheyrir mér.

- **Nýttu þér utanaðkomandi sérfræðinga og úrræði.** Þegar þú skipuleggur kennsluna og undirbýrð kennsluna gæti verið gott að hafa samband við t.d. barnaverndarþjónustuna, lögregluna, Barnaheill, Barna- og fjölskyldu- stofu eða Barnahús. Mikilvægt er að hafa aðgang að tengilið innan barna- verndarþjónustu sveitarfélagsins ef barn greinir frá ofbeldi. Hægt er að fá ráðgjöf og leiðbeiningar hjá sérfræðingum barnaverndarþjónustu og í Barnahúsi.
- **Talaðu fyrir fram við nemendur sem þú veist að hafa orðið fyrir kynferðis- legu ofbeldi.** Ef þú veist að nemandi í bekknum hefur orðið fyrir kynferðis- ofbeldi, er mikilvægt að tala við nemandann fyrir kennslustund. Ákveðið í samráði við nemanda hvort hann verði viðstaddur kennslustundina eða ekki.

Ef nemandinn vill taka þátt getur verið gott að fara í gegnum kennsluplanið og teiknimyndirnar fyrir fram, svo nemandinn geti undirbúið sig fyrir það sem koma skal. Þú ættir líka að ákveða hvað þú gerir ef nemandinn sýnir einhver viðbrögð.

- **Gerðu áætlun um hvernig þú fylgir eftir málinu eftir að kennslu lýkur.** Vertu viss um hvernig þú getur verið til staðar fyrir nemendur ef þeir vilja spyrja einhvers eða vilja segja þér eitthvað eftir kennslustundina. Það getur verið gott að skipuleggja kennsluna þannig að hefðbundin bekkjarkennsla fylgi ekki strax á eftir. Undirbúðu þig bæði andlega og verklega, hvernig þú bregst við ef barn segir frá ofbeldi gegn sjálfu sér eða öðrum, hvort sem er í kennslustund eða á eftir. Sjá nánar um þetta á bls. 12.



HVAD EF BARN SEGIR FRÁ Á MEÐAN UNNIÐ ER MEÐ EFNID?

Í grundvallaratriðum ætti kennslan ekki að leiða til þess að nemendur segi frá í samtalinu við bekkinn. Ekki hika við að segja nemendum að þú og aðrir fullorðnir í skólanum séuð tilbúin til að svara spurningum og tala einslega við þá sem vilja eftir kennsluna.

Þú ættir samt að hafa tilbúna áætlun ásamt öðrum fullorðnum aðila sem einnig er viðstaddur kennslustundina, hvernig þið bregðist við ef barn segir frá kynferðislegu ofbeldi meðan á kennslu stendur.

Ráðlagt er að bregðast við með að segja t.d.: „Það var gott hjá þér að segja mér frá þessu, við skulum endilega tala betur saman á eftir,“ og finna svo eðlilega leið til að slíta samtalinu meðan á kennslu stendur. Talaðu síðan við barnið strax á eftir og haltu samtalinu áfram á öruggan hátt.

Sjá bls. 42 fyrir ráðleggingar um „Hvernig á að ræða og fylgja eftir börnum sem segja frá“.



BÖRN MEÐ FRÁVIK Í TAUGAÞROSKA

Börn og ungmenni með frávik í þroska eru í meiri hættu á verða fyrir kynferðislegu ofbeldi en önnur börn. Það getur verið af ýmsum ástæðum, t.d. að þau eru háð aðstoð utanaðkomandi aðila, kynfræðsla hefur ekki átt sér stað og/eða talin ekki viðeigandi, skortur á þekkingu, mismunun og ekki aðgengilegt stuðningskerfi.

Sem kennari er mikilvægt að vera viss um að tryggja að öll börn í bekknum fái viðeigandi og aðgengilega fræðslu um hvað kynferðislegt ofbeldi er, að það sé ólöglegt og hvernig hægt sé að segja frá og fá hjálp. Talaðu um að öll börn eigi rétt á að setja sín mörk, líka börn sem geta þurft persónulegan og náinn stuðning. Segðu þeim hvert þau geti leitað sér aðstoðar og að þau ættu að segja einhverjum frá sem þau treysta. Einnig þarf að upplýsa þau um að það er hægt láta vita um ofbeldi í gegnum síma, spjall, tölvupóst og SMS.

Upplýsingar um viðbrögð við ofbeldi má finna á vefnum **Stopp ofbeldi!**



**FRAMKVÆMD
KENNSLUNNAR Í
1.-4. BEKK** ▶

Þáttur 1: LÍKAMINN ER ÞINN

Tími: 20–25 mín.

ÞEMA

- Þú ræður yfir eigin líkama.
- Þú hefur margar góðar tilfinningar í líkamanum.
- Ef einhver gerir eitthvað ólöglegt með líkama þinn eða eitthvað sem þú vilt ekki, þá er mikilvægt að segja fullorðnum frá.



Umræðupunktur:

1. INNGANGUR:

RÁÐ!

Byrjaðu á því að birta titilmynd teiknimyndaflokksins á skjánum sem á stendur „Líkami minn tilheyrir mér“ og talaðu um myndina. Undir sama efni fyrir leikskóla má finna samtalsþjöld sem einnig geta nýst fyrir 1.–4. bekk. Hægt er að varpa upp völdum skjámyndum sem tengjast umræðuspurningunum.



Hvað heitir þessi mynd? Hvað þýðir „Líkami minn tilheyrir mér?“

Nú ætlum við að horfa á mynd. Hún snýst um ólíkar tilfinningar sem við höfum í líkamanum og um hvað má og hvað má ekki gera við líkama barna.

Þegar þið horfið á þessa mynd er eðlilegt að þið bregðið við á ólíkan hátt. Sumum finnst myndin kannski skrítin, sumir verða vandræðalegir, sumum finnst myndin kannski fyndin og öðrum finnst hún jafnvel óþægileg. Við erum öll ólík og við eigum rétt á að vera það.

TIL KENNARA

Við mælum með því að hefja samtalið eftir að hafa horft á myndina með því að opna fyrir spurningar frá nemendum og fá viðbrögð frá þeim, til dæmis með því að spyrja þau hvað var að gerast í myndinni. Þá færðu innsýn í hvernig börnin upplifðu myndina, hvað þau skildu og líka misskildu sem þú getur leiðrétt.

Fyrir mörg börn getur efnið verið svolítið vandræðalegt og erfitt að tala um það í upphafi. Það getur verið gott að biðja börnin um að endursegja um hvað myndin var til að hefja samtalið.

2. SÝNA KVIKMYND OG ENDURSEGJA UM HVAÐ HÚN FJALLAR


Getið þið sagt mér hvað gerðist í þessari mynd??

3. ÞETTA ER LÍKAMI MINN

Í myndinni er sagt að hver og einn ráði yfir sínum eigin líkama.

Að allir megi biðja um knús og að allir geta sagt já eða nei.

Mörgum finnst gott að gefa öðrum knús.



Hvern knúsi þið oftast?

Hvað getið þið gert ef einhver biðjur ykkur um knús og þið viljið það ekki?

Hvað getið þið gert ef þið viljið vera góð við einhvern sem vill ekki knús?


Þið ákveðið hvenær einhver getur knúsað ykkur og aðrir ákveða hvort þeir vilji þiggja knús. Sumum finnst gaman að knúsa mikið, aðrir vilja bara knúsa stundum. Hvort tveggja er í góðu lagi. En ef þið ætlið að knúsa hvort annað verðið þið bæði að vilja það.

4. LÍKAMINN OKKAR OG SNERTING KYNFÆRA

Mörg börn eru forvitin um líkamann, bæði þeirra eigin og annarra. Mörgum börnum finnst gott að snerta sín eigin kynfæri. Það getur veitt þeim vellíðan og góða tilfinningu. Sumum börnum finnst líka spennandi að skoða, eða snerta, kynfæri annarra barna eða rass þeirra. Við köllum þetta kynferðislega snertingu.

Mega börn snerta sig sjálf eða önnur börn?

Það að börn séu áhugasöm um kynfæri sín og annarra er frekar algengt og alls ekki hættulegt. Mörg börn eru upptekin af því. En það er mikilvægt að börn sem gera þetta saman séu nokkurn veginn á sama aldri, jafn stór og jafn sterk og með samþykki allra. Það ætti enginn að vera að rannsaka kynfæri með einhverjum sem vill það ekki. Það má ekki þvinga neinn í þannig leik. Og það geta allir alltaf sagt nei og ég vil hætta þannig að allir geta skipt um skoðun. Enginn má ráða yfir líkama einhvers annars. Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru oft tæld inn í það ofbeldissamband. Til að byrja með upplifa börn sambandið sem náðið og jákvætt og ofbeldið getur verið spennandi og vakið vellíðan. Það er því mikilvægt að tala ekki eingöngu um ofbeldið sem eitt-hvað sem er vont eða sársaukafullt. Það getur aukið á þær tilfinningar barna þannig að þau upplifi skömm og sektarkennd ef þau upplifa ofbeldið ekki sem sársaukafullt. Börn þurfa að vita að það er sama hvað er gert eða hvernig þeim líður með þeim sem fremur ofbeldið; það er aldrei barninu að kenna.





„ÞÚ“ EÐA „ÞIÐ“?

Í þessum kennsluleiðbeiningum er oftast talað í fleirtölu þegar spurningum er beint til allra í bekknum. Það er kannski eðlilegra fyrir þig að nota „þú“ eða að skipta á milli eintölu og fleirtölu. Eins og með allt annað í þessum kennsluleiðbeiningum – veit kennarinn sjálfur hvað hentar best í sinni kennslu.

Er fullorðnu fólki leyfilegt að snerta kynfæri barna?

Nei, fullorðnir og ungt fólk má aldrei snerta kynfæri barna. Eldri börn hafa ekki leyfi til að snerta kynfæri yngri barna því að það getur líka valdið þeim skaða.

Hvernig heldurðu að börnum gæti liðið ef fullorðnir snerta kynfæri þeirra og beita þau ofbeldi?

Ef fullorðinn beitir barn kynferðislegu ofbeldi getur það skaðað líkama barns á sama hátt og ef börn eru lamin eða verða fyrir annars konar áföllum. Það sést ekki endilega á líkamanum en það skaðar tilfinningar og líðan barna þannig að það getur orðið dapurt, hrætt og líður eins og það sé með sársaukafullan hnút í maganum. Stundum koma tilfinningarnar ekki strax fram og það getur stundum liðið einhver tími þar til vondar tilfinningar koma fram. Andleg líðan barna sem verða fyrir ofbeldi getur haft miklar afleiðingar fyrir þau. Þess vegna er mikilvægt að segja fullorðnum frá ef kynferðislegt ofbeldi á sér stað. Sama hvort barnið verður fyrir líkamlegum eða andlegum skaða eða hvort barninu líði vel og upplifi spennu þá er það bannað samkvæmt lögum að fullorðnir og ungt fólk beiti börn kynferðislegu ofbeldi. Alltaf.

TIL KENNARA

Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi eru oftast tæld inn í ofbeldis-sambandið. Til að byrja með geta börn stundum upplifað sambandið sem náíð og jákvætt og ofbeldið getur verið spennandi eða aukið vellíðan.

Það er því mikilvægt að tala ekki eingöngu um kynferðislegt ofbeldi sem eitthvað vont eða sársaukafull. Það getur aukið skömm og sektarkennd hjá börnum ef þau sjálf upplifa ofbeldið ekki sem sársaukafullt. Börn þurfa að vita að burtséð frá því sem þau gera og hvernig þeim líður gagnvart þeim sem fremur ofbeldið að það er aldrei börnunum að kenna.

Nánar er fjallað um þetta þema í mynd 4: Það er aldrei þér að kenna.

5. SEGJUM STOPP

Stundum þegar börn leika sér og gantast með öðrum börnum getur það verið mjög skemmtilegt til að byrja með en svo allt í einu verður það ekki gaman lengur.

Hvað getið þið gert ef ykkur finnst leikurinn ekki lengur skemmtilegur?

Hvernig getið þið sýnt að þið viljið ekki halda leiknum áfram?

Þá getið þið sagt STOPP! Og ef hitt barnið hættir ekki skulu þið segja einhverjum fullorðnum frá.

Hvað gerið þið ef annað barn segir STOPP í leik?

Ef önnur börn segja STOPP þegar þið eruð að leika verðið þið að hlusta á þau. Þá er leikurinn búinn eða það þarf að breyta leikreglum þannig að öllum líði vel.

Við þurfum að læra að við eigum að segja STOPP ef aðrir gera eitthvað sem okkur líður ekki vel með, eða gerir eitthvað sem má ekki gera. En stundum getur verið erfitt að segja STOPP þegar verið er að leika við önnur börn. Sum geta orðið leið meðan önnur taka því vel. Þá er mikilvægt að hlusta hvert á annað og breyta leiknum þannig að öllum líði vel og vilji vera með eða að þið farið í annan leik.

Mörg börn geta átt erfitt með að segja STOPP við fullorðinn einstakling eða einhvern sem er eldri, stærri eða sterkari.

Hvað getið þið gert ef þið getið ekki sagt stopp eða ef þið gerið það og það er ekki hlustað á ykkur?

Ef eitthvert ykkar í bekknum lendir í þessu er mikilvægt að þið segið fullorðnum frá því. Í bekknum eiga öll börn að upplifa öryggi og eiga að geta sagt frá ef eitthvað slæmt hefur gerst. Þið eigið að vera örugg og geta sagt frá hvað gerðist.



6. VERKEFNAVINNA


Í lok vinnunnar er gott að tala saman um það hvaða fólk sem er í umhverfi barnanna getur hjálpað þeim að upplifa sig öruggt, í skólanum, frístund og heima við.

Hvaða fullorðna fólk verndar ykkur?



HUGARFLUG

Kennari skrifar niður annaðhvort á veggspjald, á töfluna eða í tölvu, alla fullorðna sem börnin nefna. Ræðið við börnin hvaða fólk þetta er og hvað þau geta gert til að tryggja öryggi þeirra og hjálpa þeim að líða vel. Hafðu þessa samantekt sýnilega í skólastofunni og vísaðu á hana næst þegar þú vinnur með efnið.



Þáttur 2: ÍSLENSK LÖG

Tími: 20–25 mín.

ÞEMA

- Íslensk lög gilda fyrir alla.
- Íslensk lög kveða á um að fullorðnir skuli gæta barna og að fullorðnir megi ekki skaða börn.
- Það er ólöglegt fyrir fullorðna að beita börn kynferðislegu ofbeldi.



Umræðupunktar:

1. INNGANGUR


RÁÐ!

Byrjaðu á því að sýna forsiðumynd teiknimyndanna og talaðu aðeins um hvað nemendur muna frá síðustu mynd um líkamann sem er þeirra. Ef enginn vill segja neitt geturðu minnt aðeins á efni þeirrar myndar. Fyrri myndin var um mismunandi tilfinningar sem við höfum í líkamanum og hún fjallaði líka um hvað er löglegt og hvað ekki sem gera má við líkama barns.

Nú ætlum við að horfa á nýja mynd, þar sem við lærum meira um lögin, hvað eru lög, hvað má og hvað má ekki gera.

2. SÝNA KVIKMYND OG ENDURSEGJA EFNI HENNAR

Hvað var að gerast í þessari mynd?



3. ÍSLENSK LÖG

Hvað eru „lög“ nákvæmlega?

Lög eru reglurnar sem við höfum á Íslandi sem ákvarða hvað má og hvað ekki.

Hvaða reglur gilda heima?/En hér í bekknum?

Af hverju þurfum við þessar reglur?


Við semjum reglur til að öllum líði vel. Það er einmitt það sama sem íslensk lög gera. Lögin eru reglur sem gilda fyrir alla sem búa á Íslandi. Lögunum sem gilda á Íslandi er safnað saman í bækur og þar eru allar reglur skráðar um hvað við megum og hvað ekki.


4. KYNFERÐISLEGT OFBELDI ER ÓLÖGLEG

Dettur ykkur eitthvað í hug sem er ekki leyfilegt?

Vitið þið um eitthvað sem fullorðnir mega ekki gera við börn?

Hvað vill þjálfari Frikka að hann geri?





Er þetta löglegt?

Nei, það er ekki löglegt! Í lögum á Íslandi segir að fullorðnir og ungt fólk megi ekki snerta kynfæri barna eða biðja þau um að snerta kynfæri sín. Það er kallað kynferðislegt ofbeldi. Í lögnum er útskýrt að kynferðislegt ofbeldi getur verið allskonar og snert allan líkamann ekki bara kynfærin.

Kynferðislegt ofbeldi getur verið þegar fullorðnir eða ungt fólk:

- vill knúsa eða snerta kynfærin, leggöng, munn eða rass barns,
- biður börn að snerta sín eigin kynfæri, leggöng, rass eða brjóst.
- biður börn um að snerta kynfæri sín eða snerta kynfæri hvert annars.

Það er líka kynferðislegt ofbeldi að sýna börnum kynferðislegar myndir eða kvikmyndir af fullorðnum í kynferðisathöfnum eða taka myndir eða sýna myndir af börnum í kynferðislegum athöfnum eða uppstillingum. Kynferðisofbeldi getur valdið líkamlegum sársauka en það er ekki alltaf þannig. Stundum finnst börnum það sem er gert við þau spennandi eða gott, því það getur stundum vakið góða tilfinningu í líkamanum. Það er samt ekki leyfilegt fyrir fullorðna eða ungmenntu að snerta börn. Það vita allir fullorðnir.

Eru börnin að gera eitthvað ólöglegt?

Nei! Ef fullorðnir eru að snerta kynfæri barna þá er það alltaf sá fullorðni sem er að gera eitthvað ólöglegt. Eins og þið munið kannski eftir úr fyrstu myndinni þá höfum við lært að börn mega vera forvitin og skoða og snerta önnur börn ef þau eru nokkurn veginn á svipuðum aldri, jafn sterk og vilja bæði taka þátt. En fullorðnir eða ungt fólk hefur aldrei leyfi til að snerta kynfæri barna. Börn mega ekki snerta kynfæri annarra barna sem vilja það ekki eða eru yngri og minni.

5. ÞEGAR FULLORÐIÐ FÓLK BRÝTUR LÖG

Við erum með lög og reglur og það er líka séð til þess að þeim sé fylgt eftir.

Hver sér um að farið sé eftir reglum heima/í bekknum?

Hvað gerist ef þið brjótið eina af reglunum?

Vitið þið hver sér um að farið sé eftir lögum á Íslandi?

Það er lögreglan sem sér um að farið sé að lögum á Íslandi. Ef fullorðið fólk gerir eitthvað sem sténst ekki lög, er það í verkahring lögreglunnar að stoppa það. Lögreglan þarf oft að rannsaka málið til að komast að því hvað hefur gerst, til að vera alveg viss um að fullorðnir hafi í raun gert eitthvað sem er bannað.

Þegar lögreglan er að rannsaka málið talar hún við alla og spyr þá margra spurninga. Ef lögreglan kemst að því að fullorðið fólk hafi gert eitthvað ólöglegt þá verður úr því dómssmál. Þar geta einn eða fleiri dómamar ákveðið að hinn fullorðni skuli leita sér hjálpar til að hætta að brjóta lögina og sumir fara jafnvel í fangelsi á meðan verið er að rannsaka málið. Þegar fullorðið fólk þarf að sitja í fangelsi getur það ekki brotið af sér á meðan og það verður til þess að vernda þann sem brotið var á.

Þegar einhver er settur í fangelsi, verður það vonandi til þess að hann átti sig á að það sem hann gerði er stranglega bannað. Það getur líka komið í veg fyrir að aðrir brjóti af sér.

TIL KENNARA

Barn sem er brotið á kynferðilega getur oft borið hlýjar tilfinningar til þess sem brýtur á því. Það getur orðið til þess að barnið hefur áhyggjur af því sem gæti gerst ef sá fullorðni fer í fangelsi. Þetta getur komið í veg fyrir að barnið segi frá. Það getur því verið góð leið að tala ekki mikið um að gerandanum verði refsað í fangelsi heldur útskýra að fangelsi sé staður þar sem viðkomandi getur fengið hjálp til að hætta að gera það sem er bannað með lögum.

6. LÖGIN VERNDA BÖRN

Er það löglegt sem frændi Fjóla gerir?

Hvað finnst ykkur að Fjóla ætti að gera?




Hvað haldið þið að gerist ef Fjóla segir mömmu sinni frá?

Það stendur reyndar í lögnum að ef Fjóla segir móður sinni hvað hún er að upplifa þá verði mamma hennar að hjálpa henni! Hún verður að segja lögrelgunni frá, þannig að Fjóla upplifi að málið sé komið í vinnslu og að verið sé að vernda hana gegn ofbeldinu. Við munum tala meira um þetta þegar við sjáum næstu mynd.

Í lögum á Íslandi er tilgreint hvað þið megið gera og líka hvað þið megið ekki gera. Í lögnum stendur að fullorðnir verði að vernda börn. Ef fullorðnir sjá að börn gætu orðið fyrir skaða verða þeir að gera eitthvað til að stöðva það. Ef þeir sjá til dæmis að barn er að fara að hlaupa út á götu í veg fyrir bíl, þá eiga þeir að koma til hjálpar.

Fullorðnir verða að gera allt sem þeir geta til að koma í veg fyrir að barnið verði fyrir skaða. Allir fullorðnir verða að hjálpa börnum sem þurfa hjálp. Það er í íslenskum lögum og allir fullorðnir vita það. Ef þú hefur upplifað eitthvað sem er ólöglegt og reynt að segja fullorðnum frá því og þú hefur ekki fengið aðstoð, segðu þá öðrum fullorðnum frá sem þú treystir!



7. AÐ LOKUM

Nú höfum við lært að fullorðnir verða að sjá til þess að börn finni að þau séu örugg. Fjola þekkir ekki íslensk lög svo hún veit ekki að það sem frændi hennar er að gera er bannað. En núna erum við búin að læra um íslensk lög! Nú ættuð þið öll að vita að þið hafið rétt á að segja frá ef þið upplifið eitthvað ólöglegt og að fullorðnir VERÐA að hjálpa ykkur og sjá til þess þið upplifið ykkur sem örugg börn.



VERKEFNAVINNA

Nemendur geta unnið saman veggspjald með ljóni sem á að tákna íslensk lög og 19. grein Barnasáttmálans. Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau. **Hér má finna sniðmát af ljóninu.**

Kennsluhugmynd 1: Öll börnin mála lófann á sér að innan með rauðri, appelsínugulri, gulri eða brúnni málningu og þrýsta lófunum í kringum andlit ljónsins þannig að til verði ljónamakki. Skrifaðu texta 19. greinar Barnasáttmálans á veggspjald undir ljóninu.

Kennsluhugmynd 2: Öll börnin fá autt blað, leggja hönd á það og teikna útlínur handarinnar. Börnin lita höndina sem þau teiknuðu í rauðum, appelsínugulum, gulbrúnum lit og klippa þær út og líma í kringum höfuð ljónsins. Skrifa síðan 19. grein Barnasáttmálans undir myndina.

Þáttur 3: HRÆDSLÁ

Tími: 20–25 mín.

ÞEMA

- Hvað getið þið gert ef þið eruð hrædd?
- Hvað getið þið gert ef einhver hræðir eða ógnar ykkur?
- Hvað þurfið þið til að finna fyrir öryggi?



Umræðupunktur:

1. INNGANGUR

RÁÐ!

Byrjaðu á því að sýna titilmynd þáttanna á skjánum og talaðu aðeins um hvað nemendur muna úr fyrri myndum.

2. SÝNA KVÍKMYND OG ENDURSEGJA SÖGUPRÁÐINN

Um hvað haldið þið að þessi mynd fjalli?

3. AÐ FINNA FYRIR HRÆDSLÁ

Hvað verður um Fjólu í myndinni?




Af hverju verður hún hrædd?

Frændi Fjólu var að snerta píkuna hennar. Þegar Fjóla vildi ekki að hann gerði það aftur og sagðist ætla að segja mömmu sinni varð frændinn reiður. Hann hræddi Fjólu og hann hótaði henni. Hann sagðist ætla að lemja hana og að allir myndu verða reiðir við hana ef hún segði frá.

Haldið þið að frændinn hafi rétt fyrir sér? Verða allir reiðir út í Fjólu ef hún segir frá?

Fjóla hefur ekki gert neitt rangt. Það er frændinn sem hefur gert eitthvað sem má ekki. Það vita allir fullorðnir.

Hvernig bregst móðirin við þegar Fjóla segir henni hvað frændinn hefur gert?



Mamma hennar huggar og hjálpar Fjólu. Þegar Fjóla segir mömmu sinni hvað gerðist hættir frændinn að snerta píkuna hennar.

Hvað eru þið hrædd við?

Hvernig líður ykkur þegar þið verðið hrædd?

4. AÐ VERA ÖRUGG

Hvað er best að gera ef þið eruð hrædd við eitthvað?

Hvað getið þið gert til að leysa málið?

Ef þið eruð hrædd við eitthvað getið þið talað við einhvern fullorðinn. Fullorðna fólk mun hjálpa ykkur og aðstoða því það á að passa upp á ykkur.

5. FULLORÐNIR SEM MÁ TREYSTA

Frændi Fjólu gerir hluti sem eru ólöglegir og meiða Fjólu. Hann hræðir hana svo hún verður hrædd. En hún segir mömmu sinni hvað hann gerði og þá fær hún hjálp.

Við hvern er best að tala þegar þið þurfið að segja frá einhverju sem er erfitt, eða eitthvað sem hefur hrætt ykkur eða komið í uppnám?

Skoðið aftur veggspjaldið sem unnið var áður, það er listann yfir þá fullorðnu sem börnin geta treyst og talað við. Minnið börnin líka á að þau geti talað við þig eða einhver annan í skólanum.

Vitið þið hvað Neyðarlínan er?

Þú getur hringt í Neyðarlínuna alla daga og nætur. Þar vinna fullorðnir sem eru mjög góðir í að hjálpa börnum og ungmennum. Öll börn mega hringja í Neyðarlínuna í síma 112 ef þau upplifa eitthvað sem er erfitt eða ólöglegt. Það er líka hægt að senda sms í síma 112 eða senda skilaboð á netspjalli Neyðarlínunnar 112.is

RÁÐ!

Skrifaðu símanúmerið hjá Neyðarlínunni upp á töflu eða hengdu það upp á áberandi stað í skólastofunni.

6. KENNSLUHUGMYNDIR

Fæstir fullorðnir gera eitthvað ólöglegt við börn eða hræða þau. En sumir gera það. Ef þið hittið einhvern fullorðinn sem hræðir ykkur, þá verðið þið að segja frá og tala við einhvern annan fullorðinn svo þið getið fengið hjálp.

RÁÐ!

Lesið aftur veggspjaldið semnemendur bjuggu til með lista yfir þá fullorðnu sem þau treystu. Minntu nemendur líka á að þau geta talað við þig eða einhvern annan í skólanum.



VERKEFNAVINNA

- Allir nemendur búa til veggspjald með númeri Neyðarlínunnar. Hvettu þau til að myndskreyta myndina eins og þau vilja t.d. setja ramma í kringum númerið. Hægt er að hengja myndirnar upp á vegg eða nemendur taka þau með sér heim.
- Farðu aftur að veggspjaldinu sem bekkurinn gerði áður með öllu fullorðna fólkinu sem börnin treysta. Biðjið þau um að bæta við fleira fullorðnu fólki sem þau geta treyst.



Þáttur 4: ÞAÐ ER ALDREI ÞÉR AÐ KENNA

Tími: 25–30 mín.

ÞEMA

- Það er aldrei þér að kenna ef einhver fullorðinn vill snerta kynfæri þín.
- Sumum leyndarmálum á ekki að þegja yfir.
- Vertu góður vinur!



Umræðupunktur:

1. INNGANGUR

RÁÐ!

Byrjaðu á því að sýna titilmynd þáttanna á skjánum og talaðu aðeins um hvað nemendur muna úr fyrri myndum.

2. SÝNA KVIKMYND OG RÆÐA

Um hvað fjallar þessi mynd?

3. LEYNDARMÁL SEM EKKI Á AÐ ÞEGJA YFIR

Eru þið von að þegja yfir leyndarmálum? Hvað er gott dæmi um leyndarmál?


Það eru sum leyndarmál sem þið ættuð ekki að þegja yfir.

Hvers konar leyndarmál geta það verið?

Það geta verið leyndarmál sem gera ykkur hrædd og döpur eða kannski hefur einhver gert eitthvað ólöglegt. Þá verðið þið að segja fullorðnum aðila sem þið treystið frá því sem gerðist.


Hvert er leyndarmál Orra?

Orri geymir eitt leyndarmál sem er að hann og Magga hafa verið að snerta kynfæri hvers annars þó að Orri sé barn en Magga fullorðin.




Hvernig haldið þið að Orra líði?

Orri verður leiður þegar hann hugsar um það sem hefur gerst. Honum fannst það sem Magga gerði vera svolítið spennandi í byrjun. En svo áttaði hann sig á því að fullorðnir eins og Magga mega ekki snerta kynfæri barna. Þá varð hann hræddur. Honum fannst hann líka dálítill kjáni, því hann hafði einhvern veginn tekið þátt í þessu með Möggu.



Hvað var kennarinn að tala um í skólanum? Hvað lærði Orri í þeirri kennslustund?

Orri kemst að því að það sem hann hefur upplifað er kynferðislegt ofbeldi. Hann lærir að það er ekki honum að kenna. Það sem Magga hefur gert er ólöglegt fyrir fullorðna að gera. Hann lærir líka að hann á rétt á að fá hjálp og að Magga þarf hjálp til að hætta því sem hún gerir. Hann kemst að því að þetta er þannig leyndarmál sem maður á ekki að þegja yfir.



Hvað er Magga að gera sem má ekki?

Mögggu finnst gaman að snerta typpið og rassinn á Orra þegar hann er í heimsókn. Henni finnst gott að snerta typpið hans og hún biður Orra líka um að snerta píkuna sína. Hún sýnir honum líka kvikmyndir þar sem fullorðnir eru að stunda kynferðislega leiki. Það er ólöglegt fyrir fullorðna og ungt fólk að snerta börn og sýna þeim þannig myndir.

Er Orri að gera eitthvað ólöglegt?

Nei! Þó að Orri snerti líka píkuna á Mögggu og vill taka þátt af því að hún biður hann þá er það Magga sem er að gera eitthvað ólöglegt en ekki Orri.


Af hverju segir Magga að margir verði reiðir við Orra ef hann segir frá?

Magga segir það vegna þess að hún vill hræða Orra, svo að hann þori ekki segja frá.

4. ÞAÐ ER ALDREI ÞÉR AÐ KENNA

Af hverju þorir Orri ekki að segja pabba sínum frá því sem hefur gerst strax?

Orri er hræddur um að pabbi hans verði reiður. Hann sér eftir því að hafa logið að pabba sínum. Hann er hræddur og heldur að það sé sér að kenna. En það er aldrei barni að kenna ef fullorðnir eða unglingar vilja snerta á þeim kynfærin.




Orra finnst Magga líka vera skemmtileg. Honum finnst frábært að svona stór unglingur vilji hanga með honum og þau hafa gert margt skemmtilegt saman. Hann er hræddur um hvað verður um hana ef hann segir frá því sem hún gerði. En Orri verður að segja frá, þó honum þyki vænt um Möggu. Það sem Magga hefur gert er ólöglegt. Hún þarf hjálp til að hætta því.

5. AÐ TALA VIÐ EINHVERN FULLORÐINN

Að lokum segir Orri pabba hvað hann og Magga voru að gera.

Hvernig líður Orra eftir að hann segir pabba sínum frá hvað gerðist?

Orra er létt og hann er ánægður. Og pabbi reiðist ekki, hann huggar hann og skilur. Allir fullorðnir verða að tryggja að börn séu örugg. Það kemur fram í lögum á Íslandi. Þess vegna er mjög mikilvægt að þú látir fullorðna vita ef þú lendir í einhverju svona sem vekur hjá þér hræðslu eða depurð eða ef þú átt svona leyndarmál sem maður á ekki að þegja yfir.



Hvaða fullorðna fólk finnst ykkur best að tala við um erfiða eða sorglega hluti?

Skoðið aftur saman veggspjaldið með þeim fullorðnu sem nemendur treysta og finnst öruggt að tala við.

Segðu nemendunum að þú sért einn af þeim sem þeir geta talað við. Skrifaðu númer Neyðarlínunnar á töfluna.

RÁÐ!

Minnið nemendur á að öll börn sem upplifa eitthvað svipað því sem Fjóra eða Orri eru að upplifa, þurfi hjálp frá fullorðnum sem þau treysta. Það á líka við þótt þeim þyki vænt um þann fullorðna sem hefur brotið á þeim kynferðislega. Segðu þeim líka að ef þau reyna að tala við einhvern fullorðinn og sá hinn sami hlustar ekki á þau þá þurfa þau að tala við annan fullorðinn svo þau geti fengið hjálp.

6. VERTU GÓÐUR VINUR

Fullorðnir eiga að hugsa vel um börn. En börn geta líka passað upp á hvert annað! Við eigum að vera til staðar fyrir hvert annað þannig tryggjum við að öllum líði vel.

Hvernig getið þið hjálpað hvert öðru?

Hvað ættuð þið að gera ef vinur eða vinkona segir þér frá slíku leyndarmáli sem á ekki að þegja yfir?

Ef ykkur er sagt frá þannig leyndarmáli getur verið erfitt að vita hvað best er að gera. Kannski eruð þið beðin um að lofa því að segja aldrei neinum frá! Jafnvel þó þið hafið lofað að segja aldrei neinum, verðið þið samt að segja fullorðnum frá því. Kannski getið þið farið saman til einhvers fullorðins til að segja frá leyndarmálinu? Eða sagt sjálf þeim sem þið treystið. Þið eruð samt góðir vinir þó þið hafið lofað að segja ekki neitt. Góðir vinir hjálpa hver öðrum. Og börn sem eiga leyndarmál eins og Orri og Fjóra þurfa hjálp frá fullorðnum.



ÚRVINNSLA ÖRYGGISNET BEKKJARINS

Tilgangur þessarar umræðu og vinnu er að velta fyrir sér hvað það er sem veitir börnum öryggi og segir þeim hvert þau geta leitað til að fá hjálp og til að styðja og hjálpa hvert öðru.

Verkefnið sem gott er að enda á er að allir teikna eða skrifa skilaboðin sín á hjartalaga miða sem síðan eru hengdir upp í nokkurs konar „öryggisnet“.

Nú munum við búa til „öryggisnet“ bekkjarins! Það er til að við sjáum að við getum öll hjálpast að til að öllum líði vel og finni til öryggis.

Nú ætlum við að hugsa hvað lætur ykkur líða vel og hvernig við getum látið öðrum líða vel.

Nú fáir þið tvö hjartalaga blöð. Á annað blaðið teiknið þið eða skrifið það sem lætur ykkur líða vel og finna til öryggis og á hitt blaðið skrifið þið eða teiknið það sem þið viljið gera fyrir aðra í bekknum til að þeim finnist þau örugg og líði vel.

Öryggisnetið getur auðveldlega verið net sem hengt er upp í skólastofunni eða miðarnir settir á töfluna eða á vegginn. Þetta verkefni getur orðið tækifæri fyrir börn til að segja frá hverju sem þau burðast með í hjarta sínu. Fylgstu með og fylgdu því eftir sem börnin deila, talaðu við þau í leiðinni og hlustaðu á hugleiðingar þeirra. Ekki hika við að skrifa líka miða, jafnvel með því sem þið fullorðna fólkið þurfið að gera svo börn í bekknum séu örugg. Hægt er að hengja hjörtun upp sem áminningu um að skólinn eigi að vera öruggur staður fyrir börnin og að þið hjálpið hvert öðru að finna til öryggis.

Gefðu tíma til að ræða miðana og það sem nemendur skrifuðu á þá. Ekki hika við að gera þetta sem eins konar samantekt og áminningu um það mikilvægasta sem þú hefur talað um í vinnunni við Líkami minn tilheyrir mér.

Aðrar spurningar sem börn kunna að hafa

Hér höfum við safnað saman nokkrum ólíkum spurningum sem börn geta spurt eftir hafa séð myndirnar, sem fullorðnum gæti reynst erfitt að finna eitt gott svar við. Við höfum nokkrar tillögur að svörum, sem gætu hjálpað þér að vera öruggari í að takast á við spurningar barnanna.

Af hverju vilja sumir fullorðnir og ungt fólk snerta kynfæri barna?/Hvers vegna bykist sumt fólk ekki vita að það eru til íslensk lög sem banna það?

1

Þetta er mjög góð spurning. Það getur verið erfitt fyrir okkur að skilja hvers vegna sumt fólk vill það og oft vitum við það ekki. Það sem við vitum er að það er alveg sama hver ástæðan er, það er aldrei til nein afsökun fyrir því sem það fólk gerir. Það er alltaf bannað fyrir fullorðna að snerta kynfæri barna á óviðeigandi hátt. Það þarf að hjálpa þeim sem það gera við að hætta því og börn sem hafa upplifað það verða að fá hjálp. Þess vegna er svo mikilvægt að segja frá.

TIL KENNARA

Mikilvægt er að taka spurningum barna alvarlega og taka á þeim. Börn eru að reyna að skilja heiminn og spyrja oft um orsakir og afleiðingar. En það þýðir ekki að börn þurfi að fá að vita allt. Hér að ofan höfum við nefnt dæmi um hvernig hægt er að tala við börnin án þess að þurfa að fara djúpt í það af hverju fullorðið fólk fremur kynferðislegt ofbeldi á barni.

Þú getur líka einfaldlega svarað t.d. með því að segja:

„Þetta er góð spurning. Af hverju heldurðu að fullorðið fólk geri svona við börn?“ Þú færð þá tækifæri til að hlusta á rök eða fá staðfestar þær hugmyndir sem börn sjálf hafa um hvers vegna kynferðislegt ofbeldi á sér stað.

Verið meðvituð um að börn gætu spurt spurninga af öðrum ástæðum en hreinni forvitni. Þau gætu haft þörf fyrir að segja frá og spyrja spurninga, það getur verið þeirra tilraun til að hefja samtal. Þá er mikilvægt að þú gefir þeim tækifæri til þess.

2 *Pabbi setti hitamæli í rassinn á mér þegar ég var veik. Og líka stíl. Það var vont og ógeðslegt. Er það löglegt?*

Stundum þurfa fullorðnir að hjálpa til við að snerta kynfærin og rassinn. Til dæmis að hjálpa við að skeina rassinn þegar þið hafið farið á klósettið, baða ykkur, mæla hita eða setja stíl í rassinn. Stundum getur það verið vont og líka svölitið sárt. En það er eitthvað sem fullorðnir verða að gera til að ykkur líði vel. Það er löglegt og það er algengt.

3 *Er löglegt fyrir börn að snerta kynfærin á hvert öðru?*

Mörgum börnum finnst gott að snerta sín eigin kynfæri. Mörg börn vilja skoða kynfæri og rass hvers annars, til dæmis í læknisleik. Það er allt í lagi ef öllum finnst þetta skemmtilegt. En það er mikilvægt að börn sem hafa áhuga á að skoða kynfæri hvert annars séu á svipuðum aldri, jafnstór og jafn sterk og allir vilja vera með. Enginn má þvinga eða plata neinn til þess að skoða kynfæri hvers annars. Öll börn eiga rétt á að ráða yfir eigin líkama.

Sjá einnig 1. þátt, umræðusurningu 4: Líkami okkar og kynfærin

**TIL
KENNARA**

Börn verða að fá að þroska kynhneigð á sínum eigin forsendum út frá eigin þroska og án afskipta frá fullorðnum. Þegar börn rannsaka og skoða líkama hvers annars þurfa þau að fylgja reglum í þeim leik. Það verður að vera frjálst og skemmtilegt. Þegar börn leika náði öðlast þau dýrmæta þekkingu á eigin líkama og skynja líðan annarra barna með öðrum börnum. Það veitir þeim staðfestingu á því að tilfinningarnar séu eðlilegar og viðurkenndar og ekki neitt til að skammast sín fyrir.

4 *Af hverju er bannað að biðja börn um að snerta kynfæri fullorðinna?*

Ef fullorðnir og börn eru að snerta kynfæri hvert annars getur það skaðað börn. Þau geta fengið verulega verki í rassinn eða kynfærin. Þeim getur líka liðið mjög illa andlega, fá kvíða eða verður illt í maganum. Þegar frændi Fjólu biður hana um að greiða hárið í kringum typpið á honum finnst henni það frekar skrytið. Eftir á gæti henni liðið illa og upplifað að hún fengi steinklump í magann og óttast það að hann komi aftur. Það má enginn snerta barn eins og frændi Fjólu snertir hana, það er stranglega bannað. Það kemur fram í íslenskum lögum.

5 Er löglegt fyrir fullorðna að snerta kynfæri hvers annars?

Fullorðnir mega snerta og strjúka kynfæri hver annars ef báðir aðilar eru tilbúnir til þess. Fullorðið fólk vill helst vera í næði þegar það stundar kynlíf. Ef fólk er ástfangið finnst því oft gott að snerta hvert annað. Þá líður fólki vel saman og enginn annar þarf að vita hvað það er að gera. En fullorðnir hafa aldrei leyfi til að kúra og strjúka kynfæri barna.

6 Hvað gerist ef börn tilkynna kynferðislegt ofbeldi/Hvað gerist ef Fjóla, Orri eða Frikki segja frá?

Þá verður hinn fullorðni að hringja í lögregluna/barnavernd sem mun hjálpa þeim. Lögreglan mun stoppa frænda Fjólu og þjálfara Frikkka, svo að þau þurfa ekki lengur að snerta kynfæri þeirra. Eftir það munu Fjóla og Frikki tala við sérfræðing sem er góður í að aðstoða börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

Sjá einnig 2. þátt, umræðuspurningu 5: Þegar fullorðið fólk brýtur lög.

7 Af hverju getur Fjóla ekki talað eða hrópað stopp?

Þegar einhver verður hræddur getur hann hegðað sér á mismunandi vegu. Sumir hrópa en aðrir hlaupa í burtu. Sumir þegja algjörlega vegna þess að þeir verða svo hræddir að þeir geta ekki hreyft sig. Þeim líður næstum eins og þeir frjósi. Kannski gerðist það hjá Fjólu.

Fjóla á líka erfitt með að gera ekki það sem frændi hennar biður hana um. Fullorðnir ráða svo miklu og börn þurfa að hlusta á þá sem eru fullorðnir. Oftast er rétt að börn geri það sem fullorðna fólkið segir. En þegar fullorðið fólk vill gera eitthvað sem má ekki, þá á ekki að hlusta á það. Þá hafa börn rétt á að segja nei og segja öðrum fullorðnum frá.

8 Hvers vegna hræðir frændi Fjólu hana/Hvers vegna segir Magga að margir verði reiðir út í Orra ef hann segir frá?

Magga og frændinn hræða börnin því þau eru hrædd um að aðrir fullorðnir komist að því að þau eru að gera ólöglega hluti. Þau vilja að kynferðisofbeldi sé leyndarmál. Ef aðrir fullorðnir komast að því hvað Magga og frændinn eru að gera verða þau að hætta því. Og það vilja þau ekki.

Það kemur fyrir að fullorðnir sem vilja snerta kynfæri barna finnist það góð hugmynd að hræða börn á þennan hátt. En ef fullorðinn aðili hræðir börn, er mjög mikilvægt að segja öðrum fullorðnum frá því, sama hversu hrædd þið eruð. Því þá fái þið hjálp.

Af hverju finnst mörgu fullorðnu fólki erfitt að tala við börn um kynferðisofbeldi?

Öll börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Til að það geti orðið að veruleika er mikilvægt að börnin sjálf þekki vel líkama sinn. Þau þurfa að þekkja sín mörk og annarra og vita hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvernig þau geta tjáð sig ef þau upplifa eitthvað sem á ekki að eiga sér stað.

Margir fullorðnir eru sammála um að mikilvægt sé að fræða börn um kynlíf og kynferðislegt ofbeldi en eru samt mjög óruggir um hvernig á að gera það. Sumir skólar upplifa að foreldrar séu á móti því eða efist um að ung börn eigi að fræðast um þau málefni sem tengjast líkamanum, mörkum og kynferðislegu ofbeldi. Hér á eftir er fjallað um ýmsar ástæður þess að sumum fullorðnum gæti ekki fundist við hæfi að fjalla um þennan málaflokk við börnin sín. Þetta getur verið gagnlegt í samræðum við foreldrahópinn.

Ótti við að barnið verði hrætt eða sært

Kynvitund barna er ólík fullorðinna. Líkamlegar og sálrænar tilfinningar eru mismunandi og viðbrögð tengd samtölum um efnið geta þess vegna vera öðruvísi hjá börnum en fullorðnum. Á sama tíma verðum við að vera meðvituð um að það getur verið ógnvekjandi fyrir börn að komast að því að til séu fullorðnir sem beita börn kynferðislegu ofbeldi.

Oft fræðum við börn um annað sem gæti hrætt þau, eins og að fara varlega í umferðinni eða hvernig best er að bregðast við ef það kviknar í heima hjá þeim. Okkur finnst sjálfsagt að veita börnum slíka fræðslu og reynum að finna jafnvægi í samtalinu þannig að þau skilji mikilvægi þess að gæta öryggis og hvernig best sé að haga sér í þannig aðstæðum en samt án þess að við hræðum þau að óþörfu. Við verðum líka að finna þetta jafnvægi þegar við tölum við börn um kynferðisofbeldi.

Fræða þarf börn um að þau eigi sinn líkama sjálf, þau mega alltaf segja stopp og að þau geti alltaf leitað sér hjálpar hjá þeim fullorðnu til að finna fyrir öryggi. Börn sem þekkja hugtakið ofbeldi eiga auðveldara með að segja nei og þau eiga auðveldara með að segja frá ef þau lenda í þannig aðstæðum. Börn sem eru líkamlega meðvituð um hvað má og hvað ekki frá unga aldri eiga einnig auðveldara með að bera virðingu fyrir mörkum annarra.

Ótti við að börn verði hvött til að spinna upp sögur um kynferðislegt ofbeldi
Miklar líkur eru á að börn segi ekki frá eða ræði ekki um kynferðisofbeldi sem þau verða fyrir. Ef barn segir frá að það hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi er hægt að treysta því að þau séu að segja rétt og satt frá. Sumir óttast að með því að fræða börn um kynferðislegt ofbeldi leiði það til þess að börn ásaki einhverja fullorðna um kynferðisofbeldi sem hefur ekki átt sér stað. Það er afar sjaldgæft að slíkur skáldskapur eigi sér stað.

Það er ekki hlutverk fullorðinna að meta hvort barnið segir satt og rétt frá eða ekki, það er hlutverk viðeigandi fagfólks að skera úr um það. Ef barn sýnir þér það traust að segja þér frá kynferðisofbeldi verður þú að sýna barninu að þú trúir því og tilkynna málið strax til barnaverndar og/eða lögreglu svo hægt sé að fylgja því eftir og rannsaka nánar. Þú finnur frekari upplýsingar um það á bls. 48.

Óþægilegt að svara persónulegum spurningum um líkamann og kynlíf

Sumir fullorðnir upplifa samtöl um líkamann og kynheilbrigði sem vandræðaleg eða óþægileg. Í slíkum tilfellum getur samtalið við börnin verið vandræðalegt og skilar ekki árangri. Það getur verið gagnlegt að hugsa fyrir fram hvernig best er að fjalla um og útskýra fyrir barninu þessi málefni svo það verði ekki vandræðalegt þegar upp koma aðstæður til að tala um það.

Hafðu í huga hvernig þú getur verndað bæði þitt eigið líf og barnanna. Líkaminn og kynlíf er einkamál hvers og eins þrátt fyrir það er almenn umræða góð. Fullorðnir eiga ekki að ræða að ræða við börn um eigið kynlíf og upplifanir. Ef börn spyrja um þitt eigið kynlíf geturðu svarað því að þú viljir halda því út af fyrir þig. Það sem skiptir sköpum í þeim tilfellum er að þú bregðist vel við því að hlusta á spurningar barnanna og þau skammist sín ekki fyrir að spyrja. Hlustaðu vel á hvað barnið spyr um og reyndu að svara eins vel og þú getur, á heiðarlegan og hreinskilinn hátt um leið og þú virðir þína friðhelgi til einkalífs.

Ef þú færð spurningar sem þér finnst vera á mörkum þess að vera meira en barn ætti að vita er mikilvægt að fá upplýsingar um hvaðan barnið fær þessar hugmyndir að spurningum. Segðu að þú trúir því sem barnið hefur að segja og spurðu hvaðan það fékk þessar spurningar eða af hverju það vili vita það sem það spyrji um. Er það sem barnið spyr um eitthvað sem eldri systkini eða aðrir úr umhverfi þeirra hafa sagt þeim? Eða er barnið útsett fyrir kynferðislegu ofbeldi?

Ótti við að börn séu „hvött til“ til að kanna kynferðislegar tilfinningar sínar
Sumir fullorðnir óttast að fræðsla til barna um kynlíf hvetji þau til að prófa það sem þau eru að læra um, án þess að vera tilbúin til þess. Þá er mikilvægt að vita að öll börn hafa kynferðislegar tilfinningar og eru forvitin um eigin líkama og líkama annarra. Mörg börn byrja snemma að stunda sjálfsfróun og kynlífsleiki eða læknisleiki með öðrum börnum. Þetta er bæði eðlilegt og algengt og það er misjafnt hvenær og hversu snemma þau byrjar að kanna kynferðislegar tilfinningar sínar.

Börn ættu að fá að kanna kynhneigð sína og þau þurfa að læra hvað er í lagi að gera, hvað er hættulegt og hvað er ólöglegt. Fullorðnir eiga að hjálpa börnum að verða meðvituð um sín eigin takmörk og efla skilning og virðingu fyrir mörkum annarra. Að læra um eigin líkama, mörk og ofbeldi stuðlar að því að börn læri það.

Skortur á verkferlum

Margir kennarar nefna að þeim finnist erfitt að taka upp umræðu um kynferðisofbeldi vegna þess að þeir eru hræddir við að bregðast ekki rétt við ef grunur leikur á að ofbeldi hafi átt sér stað eða ef börn segja frá slíku ofbeldi. Ýmsar ástæður eru fyrir þeim áhyggjum. Margir óttast að hafa rangt fyrir sér, að barnið fái ekki nægilega góða aðstoð þannig að foreldrar missi traust til skólans og vilji ekki vera í samstarfi við hann. Mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undirbúið, þjálfí sig andlega og skoði verklagið við ólíkar aðstæður. Þá er mikilvægt að eiga góða samvinnu við stoðþjónustuna í sveitarfélaginu um það hvernig bera að afgreiða mál af þessu tagi og verkferlar þurfa að vera skilvirkir. Tilmælin í þessum bæklingi um eftirfylgni vegna barna sem áhyggjur eru af verða vonandi til þess að styðja við starfsfólk og efla öryggi þess og hæfni þegar grunur vaknar um kynferðislegt ofbeldi gegn barni.

HVERNIG Á AÐ STYÐJA OG FYLGJA EFTIR BARNI SEM SEGIR FRÁ



- Hvar og hvenær ættir þú að eiga slíkt samtal?
- Hvernig á að haga samtalinu?
- Hvernig á að tilkynna um málið og hverjum?
- Hvernig á að hlúa að barninu eftir samtalið?
- Hvað ef barn hefur beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi?

Þegar börn hafa fengið fræðslu um kynferðisofbeldi aukast líkurnar á því að þau hafi frumkvæði af að segja frá einhverju, sem þau sjálf eða aðrir sem þau þekkja, hafa upplifað. Oft velja þau ákveðinn aðila sem þau vilja segja frá og gefa oft litlar vísbendingar. Mikilvægt er að þessi tiltekni einstaklingur sé meðvitaður um traust sem barnið hefur sýnt honum.

Hér eru nokkur hagnýt og einföld ráð um hvernig þú getur útfært samtal við barn sem liggur eitthvað á hjarta og/eða barn sem þú hefur áhyggjur af og gæti viljað segja frá einhverju. Hér eru einnig ráð um hvað getur verið gott að gera næst og hvernig þú getur fylgt samtalinu eftir.

FLEIRI RÁÐ OG ÆFINGAR Í AÐ TALA VIÐ BÖRN:

- Bókin *Verndum þau* eftir Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur. Hægt að panta **námskeið** á heimasíðu. **Æskulýðsvettvangurinn.**
- **Ofbeldi gegn börnum hlutverk skóla** – gagnleg bók fyrir kennara á heimasíðu Menntamálstofnunarinnar.

Ef þú hefur áhyggjur af barni

- Vertu forvitin og með opinn huga í garð barnsins, sýndu tillitssemi og spyrðu spurninga um það hvernig barninu líður.
- Sýndu að þér þykir vænt um barnið og að þú viljir hjálpa. Bentu barninu líka á annað fólk sem það getur talað við um erfiða hluti, bæði í skólanum og utan hans.
- Ræddu við aðra fullorðna í skólanum sem þekkja barnið vel og skipuleggið saman hvað þið getið gert til að hjálpa barninu að tala um það sem er erfitt.
- Þú getur alltaf haft samráð nafnlaust við lögreglu, barnavernd og aðra stofnanir ef þú hefur áhyggjur og efast um hvað þú ættir að gera.

Hvar og hvenær ættir þú að eiga samtal?

- Finndu stað þar sem þið getið talað saman óáreitt. Þetta er líklega erfitt samtal fyrir barnið og truflanir frá öðrum geta valdið því að það hættir að tala og að barnið getur ekki sagt frá. Ef það er samtal sem kemur af sjálfu sér; passaðu þig á að leita af stað í nágrenninu þar sem þú getur farið afsíðis á til að vernda barnið. Þú getur til dæmis beðið barnið að hjálpa þér með eitthvað inni í kennslustofunni eða á bókasafni skólans.
- Ef það er ekki mögulegt fyrir þig að eiga samtal við barnið þá og þar, þarftu að skipuleggja nýjan tíma með barninu samdægurs og helst eins fljótt og hægt er. Barnið þarf að vita nákvæmlega hvenær og hvar samtalið muni fara fram. Leggðu áherslu á að þú viljir tala við barnið og hlusta á það sem það vill segja en að þú getir ekki talað við það einmitt núna. Þú verður að hafa góða útskýringu sem er líka ásættanleg fyrir barnið.
- Það er mjög mikilvægt að vera til staðar og hlusta vel þegar barn hefur tekið fyrsta skrefið til að segja frá. Það getur líka verið skelfilegt fyrir barnið og hugrekkið getur horfið ef það upplifir að sá fullorðni hafi ekki tíma til að hlusta.

Hvernig best er að haga samtalinu?

Hlustaðu á barnið og hjálpaðu því að segja frá

Það getur verið erfitt fyrir börn að tala um og koma orðum að því sem þau hafa upplifað. Hinn fullorðni getur aðstoðað það með virkri hlustun og hvatningu í samtalinu með því að segja „segðu mér meira“, endurtaka það sem barnið segir eða spyrja spurninga til að fá útskýringar t.d. hver, hvað og hvar. Hinn fullorðni má ekki leiða spurningarnar og samtalið því það getur orðið til þess að barnið breyti frásögninni í samræmi við það sem við leitumst við að heyra. Það gæti líka verið gott að spyrja hverjir aðrir vita um það sem barnið er að segja eða hvort það hafi komið fyrir aðra og hvort barnið haldi að þetta muni gerast aftur.

Sem fullorðinn einstaklingur verður þú að sýna einlægan áhuga á því sem barnið er að segja. Farðu varlega í að túlka það sem barnið segir út frá þinni eigin reynslu, hlustaðu heldur á það sem raunverulega er sagt. Biddu barnið að útskýra betur ef þú áttar þig ekki á hvað það meinar.

Dæmi um fullyrðingu sem hægt er að túlka á mismunandi vegu er:

Barnið: „*Hefurðu stundað endaparmsmök?*“

Fullorðinn: „*Endaparmsmök? Hvað ertu þá að meina?*“

Barnið: „*Þú veist, þegar við stöndum með bakið hvort að öðru og nuddum rassinn upp og niður.*“

Hér kemur í ljós að barnið tengdi orðið „endaparmsmök“ við eitthvað annað en sá fullorðni gerði líklega. Þá er mikilvægt að þú komir með útskýringar á þessum misskilningi.

Verið meðvitað um eigin viðbrögð og líkamstjáningu

Börn eru góð í að lesa líkamstjáningu. Hafðu það í huga í samtalinu, þannig að barnið finni að þú sért virkilega að hlusta. Sittu fyrir framan barnið, leggðu frá þér önnur verkefni og símann og hafðu líkamstjáninguna bæði vingjarnlega og opna. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef barnið segir eitthvað sem gæti verið erfitt fyrir þig að skilja, eða ef þér finnst óþægilegt að hlusta á það sem barnið segir. Þá er auðvelt að líta ómeðvitað út fyrir að efast um að barnið segir sé satt, hrukka ennið og krossleggja hendur yfir brjostið. Slík líkamstjáning er mjög fráhrindandi fyrir barnið og getur komið í veg fyrir að það segi frá og gæti upplifað að þú trúir því ekki. Barninu getur liðið illa með að deila einhverju með þér ef þú gefur til kynna að þér finnist erfitt að hlusta á frásögn þess.

Þú mátt gjarnan segja barninu og sýna því að frásögn þess hefur áhrif á þig og að þér þykir miður að þetta hafi komið fyrir barnið. En segðu skýrt að þú þolir að heyra það sem barnið vill segja og að það hafi verið rétt hjá því að tala við þig og það þurfi hugrekki til þess.

Sýndu huggun og umhyggju en virtu mörk barnsins

Spyrðu barnið hvort það vilji faðmlag eða aðra líkamlega snertingu. Börn sem hafa orðið fyrir ofbeldi upplifa snertingu á mismunandi hátt. Faðmlag, sitja í fanginu og klapp á bakið getur verið sem árás og valdið öðryggi hjá sumum börnum á meðan önnur upplifa það sem hjálp og stuðning.

Skrifaðu niður það sem barnið segir

Það er mjög mikilvægt fyrir frekari eftirfylgni að skrá niður eins nákvæmlega og hlutlaust og hægt er, bæði það sem barnið segir og hvaða spurningar vakna í huga þér. Það er grunnurinn að frekari eftirfylgni þinni og hjálpar þér að forðast misskilning og treysta því að þú sért að muna rétt. Það gerir þér líka kleift að rifja upp síðar það sem þú skrifaðir, ef nokkur ár líða. Skrifaðu helst samantektina ásamt barninu til að forðast misskilning. Útskýrðu hvers vegna þú vilt skrifa niður það sem barnið segir og spyrdi hvort það sé í lagi að skrifa minnispunkta meðan þú talar. Ræddu við barnið um það sem þú skrifar niður. Það getur hjálpað þegar lengra líður á samtalið þannig að það getur verið eðlileg leið til að endurtaka það sem barnið hefur sagt. Ef það er ekki hægt að skrifa minnispunkta meðan á samtalinu stendur er gott að skrá það niður strax að því loknu. Vertu viss um að þú skráir niður aðalatriðin; hvað gerðist, hver átti í hlut og hvenær það gerðist. Ef barnið vill EKKI segja eitthvað, til dæmis hver gerði það, skrifaðu það þá bara niður. Einnig er gott að skoða vel atferli barnsins og hvernig það kemur fram. Það gæti verið góð hugmynd að ræða við barnið um hvernig því líður meðan á samtalinu stendur, svo þú öðlist betri skilning af því sem að baki liggur. Það er mjög mikilvægt að þú gerir greinarmun á því sem barnið sagði og hver upplifun þín og túlkun er.

Segðu barninu að það sé ekki eitt

Mörg börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi telja að þau séu ein um upplifunina og tilfinningar sínar. Ekki hika við að segja að þú vitir um önnur börn sem hafa upplifað þetta sama. Ef þú þekkir eða veist um eitthvað svipað og barnið er að upplifa skaltu deila því með barninu. Það getur hjálpað að heyra að aðrir hafa upplifað það sama og fundið fyrir sömu sársaukafulli og erfiðu hugsunum.

Segðu að þú trúir á barnið og að það hafi verið rétt að segja frá

Þegar barn segir þér frá kynferðislegu ofbeldi skaltu trúa því sem barnið segir. Börn ljúga sjaldan í þannig málum, það er frekar að þau reyni að ljúga sig út úr þessari reynslu. Allavega er það ekki þitt hlutverk að vera einkaspæjari eða lögregluþjónn. Þú verður að hlusta á barnið, hjálpa og styðja það við að segja frá og miðla því sem þér er sagt. Sýndu barninu að þú metir það traust sem þér er sýnt og að það hafi verið rétt að segja þér frá. Gerðu barninu ljóst að það hafi verið rétt og gott að segja frá og að þú sem fullorðinn beri ábyrgð á að hjálpa barninu að vinna málið áfram.

Veittu barninu bæði öryggi og fyrirsjáanleika en aldrei lofa einhverju sem þú getur ekki staðið við. Segðu sannleikann!

Þegar barn segir frá kynferðislegu ofbeldi verða miklar breytingar á lífi þess sem veldur óöryggi hjá því. Barnið missir stjórnina og yfirsýn á eigið líf. Sem fullorðinn getur þú veitt barninu öryggi með því að láta það vita að þú viljir hjálpa og að þú munir komast að því hvað best er að gera. Það er auðvelt að lofa hlutum sem þú getur ekki staðið við í viðleitni þess að veita barninu öryggi. En það er mikilvægt að forðast það því það getur skapað enn meira óöryggi. Útskýrðu fyrir barninu hvað þú ætlar að gera við upplýsingarnar sem þú hefur fengið og hvers vegna. Ekki hika við að tala við barnið um hvað barnið sjálft hugsar og hugsíð upphátt saman – frá sjónarhóli barnsins miðað við aldur og þroska. Vertu með það á hreinu að þú viljir að barnið fái vernd og aðstoð svo kynferðisofbeldið stoppi og barnið sé öruggt.

Forðastu að segja:	Segðu í staðinn:
«„Nú verður allt í lagi.“ «„Þú munt aldrei upplífa svona ofbeldi framar.“ «„Ég lofa að segja ekki neinum það sem þú ert að segja mér.“	„Það var mjög gott að þú sagðir mér þetta.“ „Þú sýnir mikið hugrekki. „Börn ættu aldrei að burðast með svona leyndarmál ein.“ „Nú skal ég finna út hvað við þurfum að gera til þess að þú fáiir hjálp.“

Verið meðvituð um skömm og sektarkennd barnsins

Börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi finna nánast alltaf fyrir sektarkennd og skömm. Það getur verið vegna þess hversu tabú málefnið er, vegna einhvers sem sá sem beitir ofbeldi hefur sagt, eða vegna þess að barnið sjálft veitti ekki virka mótspyrnu og finnst þess vegna að það „hafi tekið þátt í ofbeldinu“. Gerðu barninu grein fyrir því að það er aldrei börnum að kenna ef fullorðnir beita þau kynferðislegu ofbeldi. Hvað sem börn hafa gert, er það aldrei þeim að kenna.

Forðastu að skrímslavæða þann sem beitir ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi er oft framið af einstaklingi sem börnin þekkja og líkar við. Þetta getur líka vera manneskja sem er oftast góð við barnið. Ef þú lýsir viðkomandi sem beitir ofbeldi sem „vondum“ eða „viðbjóðslegum“ getur það valdið því að barnið kannist ekki við þá lýsingu á viðkomandi og dragi sögu sína til baka. Barnið getur líka haft áhyggjur af því hvað verður um þann sem beitir ofbeldi ef leyndarmálið kemst upp. Því er það ekki vænlegt til árangurs að leggja áherslu á að viðkomandi verði refsað og fari í fangelsi – það getur líka orðið til þess að barnið vill ekki lengur segja frá eða dregur skýringuna til baka, vegna þess að hann eða hún vill vernda þann sem beitir ofbeldi.

Hvernig á að tilkynna mál og hvert?

Mál sem varða kynferðisofbeldi eru krefjandi og enginn ætti að standa einn í slíkum málum. Það er því gott ef skólinn er í góðum tengslum og samskiptum við barnavernd, lögreglu og aðrar stofnanir svo auðveldara sé að hringja og ræða nafnlaust ef áhyggjur eru af barni. Allir skólar ættu einnig að hafa viðbragðsáætlun eða verkferla sem skýra hvað á að gera þegar þú hefur áhyggjur af barni. Allt starfsfólk skóla þarf að þekkja viðbragðsáætlunina. Hægt er að hlaða niður sniðmáti fyrir viðbragðsáætlun af vefsíðunni **Stopp ofbeldi!**

Ferlinu er lýst hér í stuttu máli:

- Börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eiga oft erfitt með að treysta fullorðnum. Ef barn treystir fullorðnum nógu vel til þess að segja frá er mjög mikilvægt að standa vörð um þetta traust. Ef það er ekki gert er hættu á að barnið missi traustið og vilji ekki koma upplýsingum til barnaverndar/lögreglu og fái því síður aðstoð. Því er mikilvægt að hafa samráð við, hlusta á og veita barninu upplýsingar, í takt við aldur og þroska barnsins og það sem raunhæft er hverju sinni.
- Reyndu að skilgreina hversu miklar og alvarlegar áhyggjur þínar eru. Að þekkja börn sem eiga um sárt að binda kallar fram sterkar tilfinningar. Það getur verið erfitt að greina á milli þess sem er mikilvægast að gera fyrir barnið annars vegar og þig sjalfan hins vegar. Fyrir barnið er mikilvægt að gera eitthvað eins fljótt og auðið er en fyrir þig er mikilvægast að sitja ekki uppi með þær upplýsingar einn að barn hefur upplifað ofbeldi.
*Ef þér finnst að málið sé ekki mjög brýnt og ef þú treystir þér til gæti verið skynsamlegt að verja tíma með barninu og leyfa því að fá tækifæri til að greina meira frá ofbeldinu. Hafðu á hreinu að þú munt fá þá hjálp sem þarf á að halda en mikilvægt er fyrir barnið að þú reynir að halda ró þinni.

*Gerður er greinarnumur á „Nýlegu broti“ og „eldra broti.“ Ef brotið hefur átt sér stað nýlega er mikilvægt að bregðast skjótt við til að tryggja sönnunargögn. Þá geturðu til dæmis leitað til lögreglunnar/barnaverndar, ef þú hefur ekki strax samband við næsta yfirmann þinn. Þegar kemur að endurtekningarhættu, til dæmis að barnið fari aftur í sömu aðstöðu og ofbeldið átti sér stað í þá er mikilvægt að þú tilkynnir málið strax svo barnavernd/lögregla geti komið í veg fyrir áframhaldandi ofbeldi.

- Vertu í samstarfi við barnið um hverjum þarf að segja frá. Útskýrðu fyrir barninu að nauðsynlegt sé að fá ráð bæði frá öðrum í skólanum (t.d. skólahjúkrunarfræðingi, námsráðgjafa, skólastjóra) og frá t.d. barnavernd, Barnahúsi eða öðrum svo það fái sem besta aðstoð. Sá fullorðni og barnið geta líka orðið sammála um að biðja aðeins með að upplýsa aðra og tala aftur saman eftir samkomulagi
- Ef barnið vill ekki að haft verið samband við aðra fullorðna eða lögregla/ barnavernd hjálpi til verður að reyna að finna út hvers vegna. Það getur verið eitthvað sem barnið hefur ekki sagt frá, jafnvel eitthvað sem er mikilvægt að komast að svo barninu líði sem best og fái aðstoð við hæfi.
- Ef barnið vill ekki að einhver annar viti af því sem kom fyrir það, er engu að síður nauðsynlegt að hafa samráð við aðrar stofnanir, lögreglu eða barnavernd strax. Upplýstu barnið um þetta og útskýrðu hvers vegna. Það gæti þurft að tryggja sönnunargögn og barnið getur mögulega verið í hættu.
- Sá fullorðni sem barnið hefur treyst fyrir leyndarmáli sínu þarf að ræða málið við næsta stjórnanda eða skólastjóra. Ekki má miðla upplýsingum til fleiri en þeirra sem þurfa að sinna málinu eða sjá um barnið. Börn taka fljótt eftir því ef aðrir fullorðnir hegða sér allt í einu öðruvísi nálægt þeim án þess að þeir viti hvers vegna og það getur valdið þeim óöryggi og ruglingi. Oft er það skólastjóri skólans sem tilkynnir málið til barnaverndar og/eða lögreglu en á öllu starfsfólki hvílir tilkynningarskylda telji það ástæðu til að ætla að börn geti verið í hættu, í samræmi við 17. gr. barnaverndarlaga (80/2002) og **Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik- grunn og framhaldsskóla til barnaverndarnefnda.**
- Hver og einn getur alltaf haft samband til að ræða nafnlaust við barnavernd, lögreglu eða Barnahús.
- Ef barnið segist verða fyrir ofbeldi af hendi foreldra sinna, forsjáraðila eða annarra í nánustu fjölskyldu, þá eru þeir ekki upplýstir að mál sé tilkynnt til barnaverndar og/eða lögreglu. Ef ofbeldið er framið af einhverjum utan nánustu fjölskyldu eru forsjáraðilar upplýstir og leitað samvinnu við þá.

Hvernig á að hugsa um barnið eftir samtalið?

- Segðu barninu að það geti alltaf talað við þig aftur. Ekki bíða eftir að barnið sjálft segi eitthvað, með því er mikil ábyrgð lögð á barnið. Taktu ábyrgð sem fullorðinn einstaklingur og spurðu barnið reglulega hvernig það hefur það og hvernig því líður.
- Hjálpið og styðjið barnið við að halda áfram í „hefðbundnu“ hversdagslífi, með námi, leik, frístund og öðrum daglegum athöfnum eftir því sem hægt er. Hlúið að barninu og talið við það um aðra hluti og ekki bara um ofbeldið og eftirfylgni þess.
- Í samvinnu við barnavernd geta systkini einnig fengið aðstoð, upplýsingar og eftirfylgni.

Pegar börn meiða börn

Verulegur hluti kynferðisbrota gegn börnum er framinn af öðrum börnum eða ungmennum. Þú gætir lent í aðstæðum þar sem börn segja frá að annað barn eða ungmenni hafi farið yfir þeirra mörk, hvort sem er í skóla eða frítíma. Þá er mikilvægt að þú munir að báðir aðilar málsins eru börn og að báðir aðilar þurfa aðstoð frá fullorðnum til að öðlast þroska til að skilja hvar mörkin liggja.

Börn þurfa svigrúm til að skoða og kynnast líkama sínum og annarra. Mörg börn eru forvitin um líkamann og vilja rannsaka og skoða hann í gegnum leik. Það er eðlilegt fyrir börn að leika sér saman í læknisleik ef leikurinn einkennist af gleði, allir vilja taka þátt og vera saman. Læknisleikur er eins og aðrir leikir þannig að það má ekki neyða neinn til að taka þátt og valdatengslin í leiknum verða að vera jöfn.

Börn geta leikið sér saman á furðulegan hátt sem fullorðnum gæti þótt mjög sérstakt. Þau geta til dæmis leikið sér að því að þefa af rassinum á hvort öðru eða fróa sér saman. Svo lengi sem allir eru sjálfviljugir og hafa gaman af er engin ástæða til að hafa áhyggjur. Ef slíkur leikur á sér hins vegar stað á milli barna með mikinn aldursmun eða hann er án samþykkis allra og ber vott um

leynd, árásargirni, þvingun eða ógnun, er mikilvægt að grípa inn í, leiðrétta hann og leiðbeina börnunum. Það geta verið margar ástæður fyrir því að leikur og samskipti þróast í að verða ofbeldisfull. Stundum getur leikurinn sjálfur þróast á óviðeigandi hátt en stundum hefur reynsla barns áhrif á að geta skilið hvað er rétt.

Kynferðisleg hegðun barna getur verið ábending um vanlíðan hjá þeim og á sér margvíslegar orsakir. Það er mikilvægt að barnið fái aðstoð frá fullorðnum sem það treystir þannig að hægt sé að komast að því hvað það er sem liggur að baki hegðuninni.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að auka úrræði til að greina og fylgja eftir börnum sem sýna erfiða og skaðlega kynferðislega hegðun. Til dæmis er hægt er að leita aðstoðar sérfræðinga hjá Barnahúsi.

Aðrir mikilvægir samstarfsaðilar geta verið barnavernd, heilsugæsla, barna- og unglingageðdeild. Komi upp grunur um að barnið sjálft verði fyrir misnotkun, verður lögreglan alltaf að koma að málinu.

Í 4 gr. Barnaverndarlaga (nr. 80/2002) kemur fram að barnaverndaryfirvöld skulu í störfum sínum leitast við að hafa góða samvinnu sín á milli og við aðrar stofnanir sem fjalla um málefni barna. Þá skulu þau jafnframt stuðla að samþættingu barnaverndarþjónustu við aðra þjónustu í þágu farsældar barna. Í 23. gr. laganna kemur fram að við málsmeðferð vegna tilkynninga til barnaverndarþjónustu er hægt að óska eftir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Ef barn hefur þörf fyrir úrræði í kjölfar könnunar máls tekur barnaverndarþjónusta við hlutverki málstjóra sem sér um samstarf við viðeigandi þjónustuveitendur.

NETSLÓÐIR

Hjálparsíminn 1717 og netspjall Rauða krossins

Hjálparsíminn 1717 og netspjall 1717.is. Þar vinna þjálfarar og reynslu-miklir sjálfboðaliðar á öllum aldri og sjá um að svara þeim samtölum sem 1717 berast. Hægt er að hafa samband vegna alls þess sem þér liggur á hjarta og fá sálfræðilegan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði.

Netspjall 112

Hafðu samband við neyðarvörð ef þig vantar aðstoð. Ef þú þarft ekki að fá aðstoð á staðinn þarftu ekki að gefa upp nafn. <https://www.112.is/spjall>



UPPLÝSINGASKYLDA

Öllum starfsmönnum í skólum og leikskólum ber að tilkynna um ofbeldi gegn börnum samkvæmt 17. gr. Barnaverndarlaga (80/2002) og [Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmanna leik-, grunn- og framhaldsskóla til barnaverndar](#).

Með þessum verklagsreglum er gert ráð fyrir að starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla meti hvort ástand, liðan eða umönnun barns sé þannig háttað að tilkynna eigi um það til barnaverndarþjónustu. Tilkynna skal um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan starfsfólk barnaverndarþjónustunnar sem metur hvort grunur sé nægilega rökstuddur og taka ákvörðun um frekari könnun í framhaldi af því. Hver skóli þarf að hafa ákveðið verklag um hvernig tilkynnt er til barnaverndarþjónustu og hver gerir það. Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans þekki þetta verklag. Gert er ráð fyrir að tilkynnt sé í nafni stofnunarinnar og að tilkynningin sé á ábyrgð hennar en ekki einstakra starfsmanna.

Kynferðislegt ofbeldi er skilgreint sem kynferðisleg athöfn gagnvart barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barnsins og kynferðisleg athöfn gagnvart eða með barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins.

- Dæmi um kynferðislegt ofbeldi sem starfsmenn skóla verða vitni að og ættu að tilkynna um til barnaverndar: Barn látið horfa á klámefni eða kynfæri eða teknar myndir af barni í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega.
- Þuklað innan klæða á kynfærum barns eða barn látið þukla á kynfærum einhvers.

Yfirleitt eru foreldrar látnir vita af tilkynningunni og þeim gerð grein fyrir að starfsmenn skóla séu að fylgja lagaskyldu um að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi til barnaverndarþjónustu. Málið snýst alltaf um velferð barnsins og stuðning við það og fjölskyldu þess fremur en ásökun í garð foreldra. Markmiðið er að leita lausna og veita viðeigandi stuðning.

Pegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort sem er líkamlegt eða kynferðislegt, er haft beint samband við barnaverndarþjónustu án þess að upplýsa foreldra um það. Ef barn býr með einhverjum sem beitir ofbeldi er hætt við að barnið verði beitt enn meira ofbeldi eða hótunum ef viðkomandi veit af tilkynningunni. Meintur gerandi má ekki fá tækifæri til að hafa áhrif á framburð barnsins þar sem þessi mál sæta stundum einnig lögreglurannsókn. Ef barn kemur með sýnilega áverka í skóla eða segir frá alvarlegu ofbeldi skal samstundis hafa samband við barnaverndarþjónustu. Barnaverndarþjónusta á að hafa greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um börn og foreldra við könnun barnaverndarmáls til að meta aðstæður barnsins.

Hvar er hægt að fá aðstoð?

NEYÐARLÍNAN – 112

LÖGREGLAN

BARNAVERND

BARNAHÚS

BARNAHEILL

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Hvar er hægt að fá nánari upplýsingar?

VEFSÍÐUR:

Barnaheill

Umboðsmaður barna

Stopp ofbeldi

112.is

Saft.is

Ofbeldi gegn börnum, hlutverk skóla.



„*Líkami minn tilheyrir mér*“ er teiknimyndaflokkur sem hjálpar börnum að kynnast líkama sínum, þekkja einkenni kynferðislegs ofbeldis, setja sér mörk og virða mörk annarra. Þessar kennsluleiðbeiningar eru til aðstoðar fyrir þá sem vinna með námsefnið í skólum.

„*Líkami minn tilheyrir mér*“: Fjallar um erfitt en mjög mikilvægt málefni á fallegan, einfaldan og auðskilinn hátt.

Efnið er mjög vel útskýrt og kennari fær dæmi um spurningar og svör sem hægt er að nýta.

Kynferðislegt ofbeldi á börnum á sér stað oft og er nær okkur en við höldum og er mjög skaðlegt. Öll börn eiga rétt á vernd og þau þurfa að fá fræðslu um réttindi sín, eðlileg samskipti og hvað kynferðislegt ofbeldi er. Þau þurfa að vita hvert þau geta leitað eftir aðstoð og við hvern þau geta talað. Með því að nota þetta námsefni ert þú að valdefla börn og hafa mikil áhrif á velferð þeirra og farsæld.

Takk fyrir að hjálpa til við að berjast gegn kynferðisofbeldi á börnum!



Barnaheill

m MENNTAMÁLASTOFNUN